



Forsætisnefnd

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um fjölda bílastæðakorta

Á fundi forsætisnefndar 2. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um fjölda bílastæðakorta:

Hvað gefur Reykjavík út mörg bílastæðakort til kjörinna fulltrúa, embættismanna, starfsmanna borgarinnar, starfsmanna í B-hluta fyrirtækjum og starfsmanna Hörpu í ráðhúsið, Borgartún og Hörpuna endurgjaldslaust sundurgreint eftir starfsstöð? Hvaða embættismenn njóta þessara kjara sundurgreint eftir starfsstöð? Hvað kosta þessi kort/hlunnindi fyrir borgina á ársgrundvelli?

Svar:

Mannauðsdeild Ráðhúss var falið að taka saman svar við þessari fyrirspurn. Þann 1. júní sl. var gerð breyting á skipulagi í miðlægri stjórnsýslu og leggur því svið mannaúts- og starfsumhverfis fram svar þetta við þeim hluta fyrirspurnarinnar sem snýr að starfsmönnum borgarinnar.

Leitað var til Bílastæðasjóðs og fjármálaskrifstofu við vinnslu þessarar fyrirspurnar.

Í bílastæðahúsi í Ráðhúsi Reykjavíkur eru útgefin kort fyrir 57 bílastæði fyrir starfsmenn en Bílastæðasjóður hefur ekki upplýsingar um það hvort B-hluta fyrirtæki borgarinnar séu með niðurgreidd bílastæðakort í bílahúsum né upplýsingar um starfsmenn Hörpu. Í Borgartúni fylgja bílastæði í kjallara leigu á húsnæðinu. Starfsmenn greiða ekki af korti heldur geta starfsmenn hússins lagt í kjallarann á meðan að stæðin eru laus.

Framkvæmdin varðandi bílastæðahús í Ráðhúsi Reykjavíkur er með þeim hætti að Bílastæðasjóður sendir reikning á hverja starfsstöð með fullu mánaðargjaldi (skv. afsláttarkjörum). Starfsmenn greiða sjálfir mánaðarlega 2.000 kr. af hverju korti og Reykjavíkurborg 6.303 kr. Starfsmenn sem að fá bílastæðakort í bílahúsum Bílastæðasjóðs geta ekki fengið samgöngustyrk. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessara bílastæðakorta er 4,3 m.kr á ári.

Í töflunni hér að neðan sést hvernig bílastæðakort starfsmanna skiptast eftir starfsstöðum.

Embætti borgarlögmanns	9
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1
Innri endurskoðun	6
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	5
Mannréttindaskrifstofa	2
Menningar- og ferðamálasvið	3
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	16
Skrifstofa borgarstjórnar	2
Umboðsmaður borgarbúa	1
Upplýsingadeild	4
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	8

Þeir stjórnendur sem tilheyra yfirstjórn Reykjavíkurborgar og eru með bílastæðakort í Ráðhúskjallara eru:

Borgarlögmaður

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar

Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs